Akureyrarbær
Glerárgötu 26
600 Akureyri

Akureyri, 03.11.2019

**Efni: Byggðaþróunarverkefni Brothættar Byggðir**

Til þess er málið varðar,

Hér með ætlar hverfisráð Hríseyjar að skora á Byggðastofnun að byggðaþróunarverkefnið Brothættar Byggðir verði framlengt um að minnsta kosti eitt ár. Verkefninu lýkur árið 2019, og er talið að það hafi haft jákvæð áhrif á bæði íbúaþróunina og atvinnulífið. Meðal annara verkefna var rekstur Hríseyjarbúðarinnar efldur og hvannarverkun hjá Hrísiðn ehf þróuð, en annað stórt verkefni sem hlaut styrki er framleiðsla á landnámshænueggjum í eyjunni. Íbúaþróun er byrjuð að snúast við, og atvinnutækifærum fjölgar rólega. Til þess að þessi þróun haldi áfram og verkefnin nái betur að festa sig í sessi, er æskilegt að áframhaldandi stuðningur verði veittur.

Hverfisráð Hríseyjar ætlar að biðja um afstöðu Akureyrarbæjar til þessa máls sem fyrst.

Fyrir hönd hverfisráðs

Claudia Werdecker, ritari